

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grindavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 24. janúar 2007 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Norðursvæðis, n.t.t. við Miðhóp.

Skipulagssvæðið afmarkast af Austurhópi að norðan og lóðarmörkum lóða milli Austurhóps og Miðhóps að austan, sunnan og vestan. Í breytingunni á deiliskipulaginu felst m.a. að íbúðum við götuna er fjölgað úr 9 í 13, lóðarstærðum og byggingarreitum er breytt og að þegar útgefnum mæliblöðum er breytt hvað varðar hæðarlegu götu og hæðarafsetningu húsa.

Greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar, 26. febrúar 2007,*

**Pétur Bragason** bæjarverkfræðingur.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2007